

AUGLÝSING

um samstarfssamning þeirra ríkja sem eru aðilar að Schengen-samkomulaginu og Schengen-samningnum og Íslands og Noregs um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum.

Hinn 15. september 2000 var utanríkisráðuneyti Lúxemborgar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samstarfssamnings konungsríkisins Belgíu, sambandslýðveldisins Þýskalands, lýðveldisins Frakklands, stórhertogadæmisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, lýðveldisins Ítalíu, konungsríkisins Spánar, lýðveldisins Portúgals, lýðveldisins Grikklands, lýðveldisins Austurríkis, konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Finnlands, konungsríkisins Svíþjóðar, sem eru aðilar að Schengen-samkomulaginu og Schengen-samningnum, og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum sem gerður var í Lúxemborg 19. desember 1996. Samningurinn öðlaðist ekki gildi.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 20. september 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.**SAMSTARFSSAMNINGUR**

konungsríkisins Belgíu, sambandslýðveldisins Þýskalands, lýðveldisins Frakklands, stórhertogadæmisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, lýðveldisins Ítalíu, konungsríkisins Spánar, lýðveldisins Portúgals, lýðveldisins Grikklands, lýðveldisins Austurríkis, konungsríkisins Danmerkur, lýðveldisins Finnlands, konungsríkisins Svíþjóðar, sem eru aðilar að Schengen-samkomulaginu og Schengen-samningnum, og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum.

Konungsríkið Belgía, sambandslýðveldið Þýskaland, lýðveldið Frakkland, stórhertogadæmið Lúxemborg, konungsríkið Holland, lýðveldið Ítalía, konungsríkið Spánn, lýðveldið Portúgal, lýðveldið Grikkland, lýðveldið Austurríki, konungsríkið Danmörk, lýðveldið Finnland, konungsríkið Svíþjóð, lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur, hér á eftir nefnd „samningsaðilar“:

sem byggja á samkomulagi milli ríkisstjórna aðildarríkja Efnahagssambands Belgíu, Hollands og Lúxemborgar (BENELUX), sambandslýðveldisins Þýskalands og lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum sem undirritað var í Schengen 14. júní 1985, hér á eftir nefnt „Schengen-samkomulagið“ og á samningnum um framkvæmd þess samkomulags sem undirritaður var í Schengen 19. júní 1990, hér á eftir nefndur „Schengen-samningurinn“, eins og þeim hefur verið breytt með bókunum og aðildarsamningum lýðveldisins Ítalíu, konungsríkisins Spánar, lýðveldisins Portúgals, lýðveldisins Grikklands og lýðveldisins Austurríkis, og konungdæmisins Danmerkur, lýðveldisins Finnlands og konungsdæmisins Svíþjóðar, undirrituðum 27. nóvember 1990, 25. júní 1991, 6. nóvember 1992, 28. apríl 1995 og 19. desember 1996;

sem vísa til bókunar frá 22. maí 1954 um undanþágu fyrir ríkisborgara Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá þeirri kvöð að hafa vegabréf eða dvalarleyfi er þeir dvelja í öðru norrænu ríki en heimalandinu og til samnings er undirritaður var í Kaupmannahöfn 12. júlí 1957 af Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, hér á eftir nefndur „Norræna vegabréfasambandið“;

COOPERATION AGREEMENT

between the Kingdom of Belgium, the Federal Republic of Germany, the French Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Italian Republic, the Kingdom of Spain, the Portuguese Republic, the Hellenic Republic, the Republic of Austria, the Kingdom of Denmark, the Republic of Finland, the Kingdom of Sweden, Contracting Parties to the Schengen Agreement and to the Schengen Convention, and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the abolition of controls on persons at their common borders.

The Kingdom of Belgium, the Federal Republic of Germany, the French Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Italian Republic, the Kingdom of Spain, the Portuguese Republic, the Hellenic Republic, the Republic of Austria, the Kingdom of Denmark, the Republic of Finland and the Kingdom of Sweden and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway, hereinafter referred to as "the Parties":

Having regard to the Agreement between the Governments of the States of the Benelux Economic Union, the Federal Republic of Germany and the French Republic on the gradual abolition of controls at their common borders, signed at Schengen on 14 June 1985, hereinafter referred to as "the Schengen Agreement", and having regard to the Convention implementing that Agreement signed at Schengen on 19 June 1990, hereinafter referred to as "the Schengen Convention", as amended by the Protocols and Agreements on the accession of the Italian Republic, the Kingdom of Spain and the Portuguese Republic, the Hellenic Republic and the Republic of Austria, and the Kingdom of Denmark, the Republic of Finland and the Kingdom of Sweden, signed on 27 November 1990, 25 June 1991, 6 November 1992, 28 April 1995 and 19 December 1996 respectively;

Having regard to the Protocol of 22 May 1954 on the exemption of nationals of Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden from the obligation to hold a passport or residence permit while resident in a Nordic country other than their own and to the Convention between Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden on the abolition of passport controls at intra-Nordic borders signed in Copenhagen on 12 July 1957,

sem vísa til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) frá 2. maí 1992 og hafa í huga að aðilar að þeim samningi hafa meðal annars ákveðið að beita sér fyrir því að menn geti ferðast eins hindrunarlaust og unnt er á öllu Evrópska efnahagssvæðinu;

sem hafa í huga yfirlýsingu ríkisstjórna aðildarríkja Evrópubandalagsins og ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), sem samþykkt var á fundinum í Oporto 2. maí 1992 og fylgdi samningnum um EES, þar sem aðildarríki Evrópubandalagsins og aðildarríki EFTA lýsa því sem stefnumiði að hafa með sér samvinnu um að auðvelda eftirlit á landamærum sínum hver með annars borgurum og aðstandendum þeirra, í þeim tilgangi að stuðla að frjálsri för manna, í samræmi við framkvæmdarreglur sem mælt verður fyrir um á viðeigandi vettvangi;

sem hafa í huga að í Schengen-samkomulaginu, Schengen-samningnum og Norræna vegabréfasambandinu er kveðið á um að persónueftirlit á sameiginlegum landamærum milli samningsaðila verði afnumið;

sem hafa í huga að konungsríkið Danmörk, Lýðveldið Finnland og konungsríkið Svíþjóð, sem eru aðilar að Evrópusambandinu, hafa undirritað bókann um aðild að Schengen-samkomulaginu og samninga um aðild að Schengen-samningnum 19. desember 1996 í Lúxemborg;

sem hafa í huga að til þess að gerast aðili að Schengen-samningnum þarf ríki að vera aðili að Evrópubandalögunum; þar eð Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur eru ekki aðilar að Evrópubandalögunum geta þau ekki gerst aðilar að Schengen-samningnum;

sem æskja þess að leggja sitt af mörkum til að persónueftirlit á sameiginlegum landamærum samningsaðila verði afnumið og telja að þetta samstarf feli í sér nauðsynlegar hliðarráðstafanir; og að til þess að ná þessu markmiði sé rétt að gera samning um samstarf milli aðila;

sem hafa í huga að samningur þessi tekur ekki til vöru; að fjallað er um vöru í EES-samningnum; að ráðstafana vegna skipulags á eftirliti með handfarangri beri að leita utan þessa samnings;

sem hafa í huga að þegar Lýðveldið Ísland og

hereinafter referred to as "the Nordic Passport Union";

Having regard to the Agreement on the European Economic Area (EEA) of 2 May 1992; whereas the Parties to that Agreement are determined, inter alia, to achieve the free movement of persons as far as possible throughout the entire EEA;

Having regard to the Declaration by the Governments of the Member States of the European Community and the States of the European Free Trade Area (EFTA) adopted at the meeting at Oporto on 2 May 1992 and annexed to the Agreement on the EEA, according to which in order to promote the free movement of persons the Member States of the European Community and the EFTA States shall, subject to the practical arrangements to be defined in the appropriate fora, cooperate with a view to facilitating controls on each other's nationals and the members of their families at borders between their territories;

Whereas the Schengen Agreement, the Schengen Convention and the Nordic Passport Union provide for the abolition of controls on persons at common borders between the Contracting Parties;

Whereas the Kingdom of Denmark, the Republic of Finland and the Kingdom of Sweden, as Member States of the European Union, signed protocols on their accession to the Schengen Agreement and the Schengen Convention at Luxembourg on 19 December in the year one thousand nine hundred and ninety-six;

Whereas in order to be party to the Schengen Convention it is necessary to be a member of the European Communities; whereas as long as the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway are not members of the European Communities they may not accede to the Schengen Convention;

Desirous of cooperating to abolish controls on the movement of persons at the common borders between the Parties; whereas this cooperation includes the necessary compensatory measures; whereas in order to achieve this aim it is necessary to conclude a cooperation agreement between the Parties;

Whereas this Agreement shall not apply to goods; whereas goods are covered by the Agreement on the EEA; whereas measures aimed at adapting controls on hand luggage must be found outside this Agreement;

Whereas extending to both the Republic of

konungsríkið Noregur taka upp tiltekin ákvæði Evrópubandalagsins eða ákvarðanir, sem samþykktar hafa verið innan vébanda Evrópusambandsins og koma í stað ákvæða í Schengen-samningnum, kann að vera nauðsynlegt að semja um sérstakt fyrirkomulag milli Lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs annars vegar og Evrópubandalagsins eða aðildarríkja Evrópusambandsins hins vegar; að rétt sé, eftir atvikum, að gera ráð fyrir bráðabirgðaráðstöfunum;

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Schengen-samkomulagið, Schengen-samningurinn, þar á meðal lokagerð, bókanir og sameiginlegar yfirlýsingar sem fylgja Schengen-samningnum, ákvarðanir teknar eða yfirlýsingar gefnar af ráðherranefndinni eða í hennar nafni í samræmi við ákvæði Schengen-samningsins, svo og samningar gerðir í tengslum við Schengen-samninginn, gilda milli allra samningsaðila nema kveðið sé á um annað í honum. Skrá yfir öll ákvæði sem eru í gildi á undirritunardegi þessa samnings er í viðaukanum við þennan samning.

2. gr.

1. Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur taka þátt í öllum fundahöldum ráðherranefndarinnar, sameiginlegu eftirlitsstofnunarinnar, miðstjórnar og allra annarra vinnuhópa sem settir hafa verið á stofn til að undirbúa ákvarðanir eða til annarra starfa.
2. Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur geta lýst skoðunum sínum, gert athugasemdir og lagt fram tillögur en taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu.
3. Ríkin sem eiga aðild að Schengen-samningnum skulu skiptast á skoðunum við Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noreg um þau mál-efni sem rædd eru á vettvangi Evrópusambandsins og tengjast þessum samningi.

3. gr.

1. Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur ákveða hvort í sínu lagi hvort þau samþykkja:
 - a. ákvarðanir teknar eða yfirlýsingar gefnar af ráðherranefndinni eða í hennar nafni;
 - b. ákvæði í gerðum Evrópubandalagsins sem ráðherranefndin hefur staðfest að felli úr gildi ákvæði í Schengen-samningnum samkvæmt 134. gr. hans;

Iceland and the Kingdom of Norway certain provisions of the European Community or provisions adopted within the framework of the European Union which replace provisions of the Schengen Convention might necessitate the conclusion of arrangements between the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway and the European Community or the Member States of the European Union; whereas it is necessary to provide for transitional measures where appropriate;

Have agreed as follows:

Article 1

The Schengen Agreement, the Schengen Convention, including the Final Act, Protocols and Joint Declarations annexed to the Schengen Convention, the decisions and declarations made by or on behalf of the Executive Committee in accordance with the Schengen Convention and the agreements concluded in relation to the Schengen Convention shall apply between all the Parties to this Agreement, unless otherwise provided for by this Agreement. The Annex contains a list of the provisions in force at the date on which this Agreement is signed.

Article 2

1. The Republic of Iceland and the Kingdom of Norway shall participate in all meetings of the Executive Committee, the Joint Supervisory Authority, the Central Group and all the other working groups set up to prepare decisions or to carry out other activities.
2. The Republic of Iceland and the Kingdom of Norway shall be free to express their opinions and concerns and to submit proposals but shall not participate in voting.
3. The States Parties to the Schengen Convention shall exchange views with the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway on the matters discussed within European Union fora which relate to this Agreement.

Article 3

1. The Republic of Iceland and the Kingdom of Norway shall decide independently whether to accept:
 - a. decisions and declarations made by or on behalf of the Executive Committee;
 - b. provisions of Community law which the Executive Committee has found to render provisions of the Schengen Convention inapplicable in accordance with Article 134 thereof;

- c. ákvæði sem aðildarríki Evrópusambandsins hafa samþykkt og ráðherranefndin hefur staðfest að fellu úr gildi ákvæði Schengen-samningsins í samræmi við 1. mgr. 142. gr. hans;
- d. breytingar á Schengen-samningnum í skilningi 141. gr. eða 2. mgr. 142. gr. hans;
- e. samninga sem kunna að verða gerðir milli allra ríkjanna sem eiga aðild að Schengen-samningnum og þriðju ríkja; er öðlast gildi við undirritun þessa samnings.
- Niðurstöður þess sem getið er í b- og c-lið 1. mgr. hér að framan teljast til ákvarðana ráðherranefndar í skilningi 2. mgr. 132. gr. Schengen-samningsins. Ráðherranefndin ákveður hver þeirra atriða sem getið er í b- og c-lið hér að framan ættu að verða tilefni sérstaks fyrirkomulags milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs annars vegar og Evrópubandalagsins eða aðildarríkja Evrópusambandsins hins vegar. Náist ekki það markmið að slíkt fyrirkomulag öðlist gildi um leið og framangreind ákvæði taka við af ákvæðum Schengen-samningsins skal ráðherranefndin, innan marka valdsviðs síns, samþykkja bráðabirgðaákvæði ef þörf krefur.
2. Þegar lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur samþykkja ákvæði sem um er getið í 1. mgr. skapast gagnkvæm réttindi og skyldur milli samningsaðila. Ráðherranefndin tekur formlega mið af þessu samþykki og skráir það í fundargerð sína.
3. Ef gert er ráð fyrir því í dagskrá fundar ráðherranefndar að samþykkt verði ákvörðun sem getið er í 1. mgr., en sem samráð í vinnuhópum og síðan í miðstjórn gefur ástæðu til að ætla að lýðveldið Ísland og/eða konungsríkið Noregur geti ekki fallist á, hafa þessi tvö ríki tækifæri til að skýra afstöðu sína í ráðherranefndinni. Ráðherranefndin tekur ekki ákvörðun í málinu fyrr en hún hefur gaumgæft afstöðu lýðveldisins Íslands og/eða konungsríkisins Noregs.
- c. provisions adopted by the Member States of the European Union which the Executive Committee has found to have replaced provisions of the Schengen Convention in accordance with Article 142 (1) thereof;
- d. amendments to the Schengen Convention within the meaning of Articles 141 or 142 (2) thereof;
- e. any agreements concluded between all the States Parties to the Schengen Convention and Third States; which enter into force after the date on which this Agreement is signed.
- The findings referred to in sub-paragraphs 1b and 1c shall constitute decisions of the Executive Committee within the meaning of Article 132 (2) of the Schengen Convention. The Executive Committee shall determine which of the provisions referred to in sub-paragraphs 1b and 1c should be the subject of arrangements between the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway and the European Community or the Member States of the European Union. If these arrangements and the abovementioned replacement provisions cannot enter into force simultaneously, the Executive Committee shall, within its competence, adopt transitional provisions where necessary.
2. The acceptance by the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway of acts referred to in paragraph 1 shall create rights and obligations between the Parties. The Executive Committee shall take formal note of this acceptance and shall record it in the minutes of its meeting.
3. Should the agenda of a meeting of the Executive Committee include the adoption of a decision referred to in paragraph 1 which discussions held in any of the working groups and subsequently in the Central Group give reason to believe that the Republic of Iceland and/or the Kingdom of Norway will be unable to accept, the Republic of Iceland and/or the Kingdom of Norway shall be granted the opportunity to explain their position to the Executive Committee. The Executive Committee shall not adopt a decision on the matter until the position of the Republic of Iceland and/or the Kingdom of Norway has been expressly considered.

4. gr.

Ákvæði þessa samnings skulu ekki vera til fyrirstöðu samvinnu innan ramma Norræna vegabréfasambandsins, að svo miklu leyti sem hún gengur ekki gegn eða hindrar framkvæmd þessa samnings.

5. gr.

Þessi samningur tekur ekki til Svalbarða (Spitzbergen).

6. gr.

Ákvæði 4. mgr. 2. gr. og V. þáttar Schengen-samningsins falla ekki undir gildissvið þessa samnings.

7. gr.

1. Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur skulu við undirritun þessa samnings tilkynna um:
 - þá fulltrúa sem um getur í 4. mgr. 40. gr. Schengen-samningsins;
 - þau yfirlýðingum sem um getur í 5. mgr. 40. gr. Schengen-samningsins;
 - það ráðuneyti sem um getur í 2. mgr. 65. gr. Schengen-samningsins.
2. Konungsríkið Noregur skal á sama tíma tilkynna um:
 - þá fulltrúa sem um getur í 7. mgr. 41. gr. Schengen-samningsins;
 - svo og um þá sem falla undir skilyrði sem sett eru í viðkomandi tvíhliða samningum, í skilningi 10. mgr. 41. gr. Schengen-samningsins, að því er varðar umboð þeirra á sviði ólögmætra viðskipta með fíkniefni og geðvirk efni, skotvopn og sprengiefni og á sviði ólögmætra flutninga á eitruðum og skaðlegum úrgangi.
3. Tilkynningar samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu sendar ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar, vörsluaðila þessa samnings og skal hún upplýsa aðra samningsaðila um þær. Sama gildir um breytingar sem gerðar eru á tilnefningu fulltrúa, yfirvalda eða ráðuneyta sem um er getið í 1. og 2. mgr.

8. gr.

Samningur þessi er háður fullgildingunni, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingunni, staðfestingu eða samþykki skulu afhent ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar til vörslu og tilkynnir hún öllum samningsaðilum um afhendinguna.

Article 4

The provisions of this Agreement shall not prejudice cooperation within the framework of the Nordic Passport Union insofar as such cooperation does not conflict with, or impede, the application of this Agreement.

Article 5

This Agreement shall not apply to Svalbard (Spitsbergen).

Article 6

Article 2 (4) and Title V of the Schengen Convention do not fall within the scope of this Agreement.

Article 7

1. On signing this Agreement, the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway shall notify:
 - the officers referred to in Article 40 (4) of the Schengen Convention;
 - the authority referred to in Article 40 (5) of the Schengen Convention;
 - the ministry referred to in Article 65 (2) of the Schengen Convention.
2. At the same time, the Kingdom of Norway shall notify:
 - the officers referred to in Article 41 (7) of the Schengen Convention;
 - and those referred to under the conditions laid down in the relevant bilateral agreements within the meaning of Article 41 (10) of the Schengen Convention on their powers in respect of the illicit trafficking of narcotic drugs and psychotropic substances, firearms and explosives and the illicit transport of toxic and dangerous waste.
3. The notifications provided for in paragraphs 1 and 2 shall be addressed to the Government of the Grand Duchy of Luxembourg, depositary of this Agreement, which shall inform the other Parties thereof. The same shall apply to amendments to the designation of the officers, authorities and ministries referred to in paragraphs 1 and 2.

Article 8

This Agreement shall be subject to ratification, acceptance or approval. The instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of the Grand Duchy of Luxembourg, which shall notify all the Parties thereof.

9. gr.

1. Gildistaka þessa samnings er háð:
 - a. því að allir samningsaðilar hafi afhent til vörslu skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hans;
 - b. gildistöku aðildar konungsríkisins Danmerkur, Lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar að Schengen-samningnum;
 - c. gildistöku sérstakra samninga við Evrópu-bandalagið sem eru nauðsynlegir samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar til þess að lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur geti tekið upp þau ákvæði bandalagsins er koma í stað ákvæða í Schengen-samningnum, í samræmi við 134. gr. hans, á undirritunardegi þessa samnings.
 - d. gildistöku sérstakra samninga við aðildarríki Evrópusambandsins sem eru nauðsynlegir samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar til þess að lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur geti tekið upp þau ákvæði Evrópusambandsins er koma í stað ákvæða í Schengen-samningnum, í samræmi við 1. mgr. 142. gr. hans, á undirritunardegi þessa samnings.
 - e. gildistöku sérstakra samninga við þriðju ríki sem eru nauðsynlegir samkvæmt ákvörðun ráðherranefndar til þess að lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur geti tekið upp ákvæði samninga milli ríkjanna sem eiga aðild að Schengen-samningnum og þriðju ríkja sem eru í gildi á undirritunardegi þessa samnings.
2. Ráðherranefnd skal fullvissa sig um að skilyrði fyrir gildistöku séu uppfyllt og tilkynna það vörsluaðila, ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar. Þessi samningur öðlast gildi fyrsta dag annars mánaðar eftir að síðasta skjalið um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hefur verið afhent, að því tilskildu að þau skilyrði sem kveðið er á um í b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. hafi verið uppfyllt. Ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar skal tilkynna öllum samningsaðilum um gildistöku dag samningsins.
3. Samningur þessi kemur til framkvæmda milli þeirra ríkja þar sem Schengen-samningurinn

Article 9

1. The entry into force of this Agreement shall be subject to:
 - a. the deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval by all the Parties to this Agreement;
 - b. the entry into force of the Agreements on the accession to the Schengen Convention of the Kingdom of Denmark, the Republic of Finland and the Kingdom of Sweden;
 - c. the entry into force of specific agreements with the European Community required by a decision of the Executive Committee for the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway to adopt the provisions of the Community which have rendered the provisions of the Schengen Convention inapplicable in accordance with Article 134 on the date of signing this Agreement.
 - d. the entry into force of specific agreements with the Member States of the European Union required by a decision of the Executive Committee for the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway to adopt the provisions of the European Union which have replaced provisions of the Schengen Convention in accordance with Article 142 (1) on the date of signing this Agreement.
 - e. the entry into force of specific agreements with Third States required by a decision of the Executive Committee for the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway to adopt the provisions of arrangements concluded between the States Parties to the Schengen Convention and Third States on the date of signing this Agreement.
2. The Executive Committee shall ascertain whether the conditions for the entry into force have been met and shall notify the Government of the Grand Duchy of Luxembourg thereof as depositary. This Agreement shall enter into force on the first day of the second month after the deposit of the last instrument of ratification, acceptance or approval, provided that the conditions set out in subparagraphs 1b, 1c, 1d and 1e above have been met. The Government of the Grand Duchy of Luxembourg shall inform all the Parties of the date of entry into force.
3. This Agreement shall be implemented between the States where the Schengen Con-

er kominn til framkvæmda og lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Noregs þegar nauðsynleg skilyrði fyrir því að framkvæma Schengen-samninginn hafa verið uppfyllt í öllum þessum ríkjum og eftirliti með ytri landamærum hefur verið komið þar á.

10. gr.

1. Komi upp alvarlegur ágreiningur milli lýðveldisins Íslands og/eða konungsríkisins Noregs annars vegar og annarra samningsaðila hins vegar er ríkjunum sem eiga aðild að Schengen-samningnum heimilt að segja samningnum upp sameiginlega og lýðveldinu Íslandi og/eða konungsríkinu Noregi hvoru um sig.
2. Samþykki lýðveldið Ísland og/eða konungsríkið Noregur ekki ákvörðun sem um getur í 1. mgr. 3. gr. jafngildir það uppsögn og skal formennskuríki ráðherranefndar tilkynna ríkisstjórn stórhertogadæmisins Lúxemborgar þá ákvörðun innan 30 daga og upplýsir hún aðra samningsaðila um hana. Lýðveldið Ísland og/eða konungsríkið Noregur hætta að eiga aðild að þessum samningi sex mánuðum eftir slíka tilkynningu.
3. Samningur þessi fellur úr gildi þegar lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur eða ríkin sem eiga aðild að Schengen-samningnum hætta að eiga aðild að honum.
4. Þeir samningsaðilar sem eftir verða og samningsaðilinn sem segir samningnum upp skulu semja um afleiðingar uppsagnarinnar. Náist ekki samkomulag gerir ráðherranefndin nauðsynlegar ráðstafanir, innan marka valdsviðs síns.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Lúxemborg hinn 19. desember 1996 í einu frumriti á dönsku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku og þýsku og eru allir textarnir tólf jafngildir og verða afhentir til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar stórhertogadæmisins Lúxemborgar sem skal láta öllum samningsaðilum í té staðfest afrit.

vention has already been implemented and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway when the preconditions for the implementation of the Schengen Convention have been fulfilled in all of these States and when controls at the external borders are effective.

Article 10

1. In the event of a serious disagreement between the Republic of Iceland and/or the Kingdom of Norway of the one part and the other Parties to this Agreement of the other part, this Agreement may be denounced by the States Parties to the Schengen Convention acting jointly and by the Republic of Iceland and/or the Kingdom of Norway acting severally.
2. Should the Republic of Iceland and/or the Kingdom of Norway not accept an act referred to in Article 3 (1), this shall be deemed to be denunciation and the Presidency of the Executive Committee shall notify this denunciation within a period of 30 days to the Government of the Grand Duchy of Luxembourg, which shall inform the other Parties thereof. The Republic of Iceland and/or the Kingdom of Norway shall cease to be Parties to this Agreement six months after such notification.
3. This Agreement shall expire when the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway or the States Parties to the Schengen Convention cease to be parties thereto.
4. The consequences of denunciation of this Agreement shall be the subject of an agreement between the remaining Parties and the Party denouncing the Agreement. In the absence of agreement, the Executive Committee shall, within its competence, take the requisite measures.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.

DONE AT Luxembourg, this nineteenth day of December in the year one thousand nine hundred and ninety-six, in the Danish, Dutch, Finnish, French, German, Greek, Icelandic, Italian, Norwegian, Portuguese, Spanish and Swedish languages, all twelve texts being equally authentic, in a single original which shall remain deposited in the archives of the Government of the Grand Duchy of Luxembourg, which shall transmit certified true copies thereof to each of the Parties.